



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

32. ÁRG. 2. TBL. September 2011



Kirkjan okkar í haustumhverfi

Fastir liðir safnaðarstarfsins í Seljakirkju á baksíðu

Okkur til heilla!

Kirkjustarfið er samofið mannlífi hverfisins okkar. Á það reynir oft. Kirkjumíðstöðin er þar í miðju og þar er lífandi starf sem við öll berum ábyrgð á og megum njóta. Þegar safnaðarstarfið hófst á fyrstu árum byggðar í hverfinu, var það sett sem markmið að það skyldi í öllu þjóna sóknarfólkinu og vera stuðningur við unga og aldna. Þess vegna var kirkjumíðstöðin okkar byggð á þann hátt sem við njótum í dag, þar sem möguleikar eru á margháttuðu og uppbyggilegu starfi og margt getur verið í húsinu samtímis. Þar er starfið sem efla skal trú og öryggi í lífinu. Hafi einhvern tíma

verið þörf á því í samfélagi okkar, þá er það nú. Það er brýn nauðsyn að varðveita og efla gildi þess einlæga, sanna og heiðarlega. Það eru gildin sem aðeins verða til þar sem farið er að orðum frelsarans, um að elska Guð og að elska náungann. Starfið í kirkjunni okkar vinnur að því. Það starf eigum við öll að bera uppi, leggja okkar fram og njóta þess í lífi okkar og fjölskyldna okkar. Í Safnaðartíðindunum er sagt frá föstum liðum í starfinu. Sýnum ábyrgð, þiggjum það góða, tökum þátt í starfi safnaðarins okkar.

Valgeir Ástráðsson

Námskeið um Biblíulestur - notum okkur einstakt tækifæri

Eins og undanfarna vetur verður haldið námskeið um lestur Biblíunnar. Þar eru tekin fyrir ákveðin rit til að opna sýn og auðvelda lestur og skilning við lestur Heilagrar ritningar. Sr. Valgeir flytur fyrirlestrana, þar sem fjallað er um ritin á grundvelli nútíma rannsókna biblíufræða, bakgrunni og innihaldi rita til að auðvelda skilning og lestur Biblíunnar. Við hvern fyrirlestur eru umræður. Fyrsti fyrirlesturinn verður miðvikudaginn 19. október og verður

annað hvert miðvikudagskvöld. Tímarnir hefjast kl. 19:30 og lýkur kl. 21. Nú í ár verður fjallað um þau bréf Nýja testamentisins, sem kölluð hafa verið hin almennu bréf, Hebreabréfið, Jakobsbréfið, Júdasabréfið, Pétursbréfin og Jóhannesabréfin. Fyrsti fyrirlesturinn fjallar um hvernig rit voru valin í Gamla og Nýja testamentið og sess ritanna þar. Fyrirlestrarir eru öllum opnir og ekkert gjald er tekið fyrir þátttökuna.

Frímerkjaklúbburinn



Starfsemi frímerkjaklúbbsins í Seljakirkju hefur eflst mjög undanfarin ár og vakið víða athygli. Þar er gott samstarf á milli kirkjunnar og Félags Scandinavíusafnara. Á liðnu vori barst klúbbnum stórmerkileg frímerkijagjöf Sigtryggs R. Eyþórssonar, Akraseli 9. Liggja þar því fyrir mikil verkefni klúbbfélaga, þroskandi vinna og skemmtileg. Fundir klúbbsins eru á þriðjudögum kl. 17.

Barnakór Seljakirkju

Barnakór hefur verið starfandi við Seljakirkju í mörg ár. Undanfarna vetur hefur Anna Margrét Óskarsdóttir byggt þar upp gott starf og stjórnað kórnum við góðan orðstýr en hún hefur nú látið af störfum. Henni eru þökkúð frábær störf í þágu kórsins. Rósalind Gísladóttir, söngkona, hefur

verið ráðin í hennar stað og mun stýra honum í vetur. Skráning í kórinn verður þriðjudaginn 4. október kl. 17. Starfsemi kórsins byggist á æfingum sem eru tvisvar í viku; á mánudögum og miðvikudögum kl. 14.30 auk þátttöku í helghaldi kirkjunnar og á eigin tónleikum.

Kirkjukór Seljakirkju óskar eftir söngfólki

Æfingar eru á þriðjudagskvöldum frá kl. 19:30 – 21:30 í Seljakirkju.

Áhugasamir hafi samband við söngstjórann, Tómas Guðna Eggertsson í síma 866 1823, netfang: tomaseggertsson@gmail.com



Fréttir

Sjálfboðavinna við kirkjumiðstöðina

Á liðnu sumri var unnið við málun allra glugga í kirkjumiðstöðinni. Það er eitt af þeim verkum, sem vinna þarf reglulega og kostar sitt eins og annað, sé allt reiknað. Að frumkvæði Matthildar Sverrisdóttur var kallaður saman stór hópur fólks, sem vann vel og dyggilega, uns verkefninu var að fullu lokið. Það var þarft verk, en líka það sem gaf gleði eins og hún verður aðeins þar sem fólk lætur gott af sér leiða. Að leggja sig fram til heilla kirkjustarfinu er gott. Það skyldum við líka hafa í huga, nú þegar sverfur að ráðstöfunarfé safnaðarins okkar. Þá þarf að standa saman til að efla safnaðarstarfið sem við getum ekki verið án.

Menningarsamverur eldri borgara

Eins og venja er verða menningarvökur eldri borgara síðasta þriðjudag hvers mánaðar og hefjast þær kl. 18. Reynt er að hafa dagskrána fjölbreytta þar sem bæði talað mál og tónlist fá að njóta sín auk þess sem sest er að snæðingi í lok samverunnar.

Fyrsta menningarvikan var þriðjudaginn 27. september. Næstu samverur verða 25. október og 29. nóvember

Gjöf frá nemendum Ölduselsskóla

Við afmæli safnaðarins á síðasta ári komu góðar kveðjur frá nemendum grunnskólanna í hverfinu, Seljaskóla og Ölduselsskóla, á þann veg að sett var upp sýning með myndverkum nemenda. Vakti það verðskuldaða athygli og sýndi í verki það góða samstarf sem alltaf hefur verið hér milli kirkju og skóla. Þar er ljóst að hvorugt getur án annars verið. Nemendur Ölduselsskóla unnu m.a. hópverkefni þar sem stór kross var myndaður úr mörgum smáum. Er það mikið verk og afskaplega vandað, svo ekki sé nefndur sá hugur sem býr að baki. Verkið var unnið undir stjórn Dagbjartar Hansdóttur myndmennta-kennara. Síðan var ákveðið að nemendur gæfu kirkjunni sinni þetta mikla myndverk, sem nú á sinn trausta sess í miðrými kirkjumiðstöðvarinnar, á þar vel heima og vottur um dýrmæta samstöðu og tengsl skóla og kirkju.

Aðalfundur Seljasóknar

var haldinn að lokinni guðsþjónustu 8. maí síðastliðinn.

Í sóknarnefnd eru nú:

Guðmundur Hjálmarsson, Ystaseli 7, formaður

Guðmundur Gíslason, Stapaseli 12, varaformaður

Eymundur Runólfsson, Stuðlaseli 42, gjaldkeri

Björg Sigurðardóttir, Melseli 2, ritari

Aðalheiður Jónsdóttir, Hjallaseli 20

Jenetta Bárðardóttir, Akraseli 20

Kristín Edda Guðmundsd., Engjaseli 84

Matthildur Sverrisdóttir, Lindarseli 2

Ólafur Karlsson, Akraseli 14

Varamenn:

Baldvin Bjarnason, Ystaseli 23

Davíð S. Guðmundsson, Lambaseli 3

Ingibjörg Hallgrímsdóttir, Stuðlaseli 4

Jónína Bjartmarz, Klyfjaseli 18

Kristín Ísfeld, Melseli 1

Lárus Loftsson, Þverárseli 12

Sveinbjörn Valg. Egilsson, Fljótaseli 4

Valdimar Pétursson, Ljárskógum 7

Valgerður Jóhannesd., Ljárskógum 6

Æskulýðsfélagið Sela

Það félag hefur starfað óslitið frá upphafi Seljasóknar. Þar hefur margt á daga drifið og margir komið að verki og notið vel. Félagið starfar fyrir unglinga 13 ára og eldri. Nú í ár er gróska í starfinu sem oft áður og margt áformað. Fundirnir er líflegir og uppbyggjandi. Sela-félagar undirbúa þátttöku í landsmóti æskulýðsfélaga safnaa víða um land. Það mót verður haldið 28-30 október á Selfossi. Þegar nær dregur aðventunni, munu félagarnir standa að söfnun á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar. Það þjónustustarf er þroskandi og veitir gleði. Það er hollt unglingum að taka þátt í starfi æskulýðsfélagsins. Fundir eru á mánudagskvöldum kl. 20.



Safnaðartíðindi Seljasóknar
32. árg. 2. tbl. september 2011
Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.

Fjármál Seljakirkju - þriðjungs skerðing sóknargjalda

Í kirkjunni okkar fer fram mikið starf alla daga vikunnar. Það starf hefur að takmarki þjónustu við safnaðarfólk í blíðu og í stríðu. Sú starfsemi hvílir á miklu og förnfúsu starfi fjölda einstaklinga. Þar þarf líka á fjármunum að halda, til að reka húsnæði og annað sem til fellur.

Tekjustofn allra safnaða landsins hefur að stærstum hluta verið í svonefndum sóknargjöldum. Þau eru félagsgjöld þeirra sem tilheyra söfnuðum. Lengi var innheimta þeirra gjalda í höndum safnaðarstjórna. Hér í Reykjavík varð sú innheimta síðan í höndum Gjaldheimtu Reykjavíkur, sem tók að sér það verk og skilaði því til safnaða, oft með miklum afföllum. Þessi innheimta var nefskattur, og var skilað til allra skráðra trúfélaga eftir fjölda meðlima. Þar var séð um innheimtu fyrir þjóðkirkjusöfnuði og nákvæmlega eins fyrir öll önnur trúfélög. Þarna var um að ræða félagsgjöld sem félagsfólk sjálf greiddi.

Með lögum árið 1987 var ákveðið að ríkið tæki að sér þessa innheimtu og yrði hún grundvölluð á forsendum sem byggðust á hlutdeild í tekjuskatti. Sú viðmiðun mun hafa verið sett til þess að félagsgjöldin mættu eðlilegum verðlagsbreytingum. Með lögnum var ráðherra falið að gæta þess að svo yrði. Mikilvægt er að gera sér þess grein að varðandi sóknargjöld til trúfélaga er ekki um að ræða framlög ríkisins, heldur félagsgjöld meðlima. Það á við um öllk trúfélög jafnt, þjóðkirkjusöfnuði sem önnur skráð trúfélög.

Um erfiðleika þjóðarinnar og aðgerðir peningamála undanfarinna ára þarf ekki að ræða hér. Það er öllum kunnugt um. Aftur á móti er rétt að félagsfólk safnaðanna hafi



vitneskju um að gríðarleg skerðing hefur orðið á þeim félagsgjöldum safnaðanna, sem ríkinu ber skylda til að standa skil á samkvæmt lögum. Þar hefur skerðing orðið ríflega 30%, þriðjungur, af tekjum, sem trúfélögum ber. Þarna er ekki verið ræða um framlög hins opinbera til safnaðanna, heldur þvert á móti félagsgjöld meðlima, sem eftir er haldið og rennur eitthvað annað en til réttra samtaka. Það kemur óhjákvæmilega illa niður á starfsemi, sem sannarlega er mikil þörf á að minnki ekki heldur sé eflð þegar erfiðleikar eru í samfélaginu og sálusorgunar og uppörvunar er þörf meir en ella.

Þriðjungsskerðing á fé Seljasafnaðar er harðneskjuleg. Ljóst er að ekki er mögulegt að halda í horfi með alla starfsemi, þótt reynt sé með öllum ráðum að veita þjónustu og varðveita starfsþætti. Söfnuðinum vill það til að frá upphafi hefur verið gætt varfærni við framkvæmdir. Kirkjubyggingin var gerð með þeim hætti að mest var áhersla lögð á notagildi og hagsýni. Byggingarskuldir eru því viðráðanlegri en í mörgum öðrum söfnuðum. En sverfur að og standa verður vörð um starfið. Þar ber réttum aðilum líka að fylgja settum lögum, og standa skil á því sem ber. Sóknargjöld eru ekki framlög, heldur félagsgjöld sóknarfólks til kirkjunnar sinnar.



Almennar guðspjónustur sunnudaga kl. 14

Í guðspjónustu sunnudagsins sameinast allir þættir safnaðarstarfsins. Þar leggur hver og einn fram bænir sínar og þakklæti til Guðs. Sambæn safnaðarins er skylda hvers kristins manns og jafnframt tækifæri hans. Í guðspjónustunni er lögð áhersla á almenna þátttöku. Altarisganga er síðasta sunnudag hvers mánaðar.

Barnaguðspjónustur sunnudaga kl. 11

Það eru guðspjónustur sem eru einkum ætlaðar börnum og foreldrum þeirra. Þar er sameinast um söng og gleði. Fræðsla er miðuð við þarfir barnanna og skilning.

Kvöldguðspjónustur

Þriðja sunnudag hvers mánaðar eru einnig kvöldguðspjónustur, sem hefjast kl. 20. Prestar kirkjunnar þjóna þar en Þorvaldur Halldórsson stjórnar tónlistinni og syngur ásamt kirkjukórnum. Við hverja kvöldguðspjónustu er altarisganga.

Fyrirbænauguðspjónustur fimmtudaga kl. 18

Þar er beðið fyrir einstaklingum og hópum. Fyrirbænaefnum má koma til skrifstofu kirkjunnar. Þar eru allir velkomnir til þátttöku. Það er gott að geta sjálfur borið fram bænaefni í kirkjunni sinni.

Guðspjónustur Skógarbæ

Síðasta sunnudag hvers mánaðar eru guðspjónustur í Skógarbæ. Þær hefjast kl. 16. Þær guðspjónustur eru að sjálfsögðu öllum opnar.

Mömmumorgnar þriðjudaga kl. 10

Það eru samverur sem ætlaðar eru mæðrum og börnum þeirra, allt til þeirra yngstu. Dagskráin er óformleg, rætt um málefni er varða börn og uppeldi. Einnig verða kynningar, sem snerta það efni.

Menningarvaka heldri borgara

Við kjósum að segja samkomur fyrir eldri borgara vera fyrir þá heldri. Þær eru síðasta þriðjudag hvers mánaðar yfir vetrartímann og hefjast kl. 18. Dagskrá er tengd skemmtun og spjalli. Við lok hverrar samveru er léttur málsverður.

Kvenfélag Seljasóknar

Fundir kvenfélagsins eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Þar er fengist við fjölbreytt efni, skemmtun, fræðslu og námskeið.

Biblíulestrar

Lestur Biblíunnar er eitt af stóru verkefnum kristins manns og ótæmandi sjóður blessunar og visku. Á þessum samverum, sem eru annan hvern miðvikudag og hefjast kl. 19.30 er um það fjallað. Þennan veturinn er tekin fyrir hin almennu bréf Nýja testamentisins. Byggjast samverurnar upp á fyrirlestri og umræðum. Þátttaka er öllum heimil og ekki eru greidd námskeiðsgjöld.

Fermingarfræðsla

Sú fræðsla hefst með skólum að hausti. Fermingar byrja í lok marsmánaðar. Fermingarbörn og fjölskyldur þeirra undirbúa ferminguna til þess tíma. Fermingartímar eru samkvæmt stundaskrá.

Æskulýðsfélagið Sela mánudaga kl. 20

Starf fyrir unglinga í 8. - 10. bekk og fer fram á margvíslegan hátt. Reglulegir fundir eru á mánudögum kl. 20 - 21.30. Dagskrá fundanna er fjölbreytt.

KFUK í Seljakirkju mánudaga kl. 17:30

Fundir eru fyrir 9 - 12 ára stelpur. Fundaefni er fjölbreytt, fræðsla, leikir, söngvar og gaman.

KFUM í Seljakirkju fimmtudaga kl. 16:30

Það eru fundir fyrir 9 - 12 ára stráka. Þar hittast hressir strákar við margs konar skemmtileg viðfangsefni.

Frímerkjaklúbbur þriðjudaga kl. 17

Seljasókn og félag Skandinavíusafnara standa að því starfi fyrir börn og unglinga. Þar fer fram fræðsla og aðstoð við frímerkjasöfnun.

Barnakór Seljakirkju mánud. og miðvikud. kl. 14.30

Barnakór kirkjunnar er ætlaður börnum í fjórða bekk og ofar. Kórinn æfir til þátttöku í athöfnum kirkjunnar. Þar fer fram þjálfun við raddbeitingu og framkomu. Stjórnandi barnakórsins er Rósalind Gísladóttir.

Kór Seljakirkju þriðjudaga kl. 19:30

Kirkjukórinn leiðir söng við guðspjónustur safnaðarins og flytur einnig fjölbreytta tónlist þar. Kennnd er raddbeiting. Stjórnandi kórsins er Tómas Guðni Eggertsson, tónlistarstjóri Seljakirkju.

Seljur, kór kvenfélagsins miðvikudaga kl. 19:30

Seljurnar eru kvennakór, þar sem er fjölbreytt efnisskrá og hress félagsandi. Kórinn æfir í viku hverri og heldur tónleika að vori. Stjórnandi Seljanna er Svava Ingólfsdóttir.

AA fundir

Í Seljakirkju starfa fjórar deildir. Opnir fundir eru á sunnudagskvöldum kl. 21. Sporadeildarfundir eru mánudaga kl. 19.30. Almennir fundir eru á fimmtudögum kl. 19 og laugardögum kl. 16.

***Tökum þátt í
safnaðarstarfinu!***